

Lög Skurðlæknafélags Íslands frá 2002

1. grein Heiti félagsins

Félagið heitir Skurðlæknafélag Íslands. Félagssvæði þess er landið allt. Lögheimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein Tilgangur og markmið

Tilgangur félagsins er:

- a. Að gæta hagsmuna félagsmanna, m.a. með því að koma fram fyrir þeirra hönd við gerð kjarasamninga við íslenska ríkið og aðra atvinnurekendur.
- b. Að stuðla að samheldni og félagslegri og faglegri samvinnu félagsmanna og almennt meðal lækna.
- c. Að vinna að því, að starfsemi lækna uppfylli kröfur um fagleg gæði og hagkvæmni þjónustunnar.

3. grein Félagsmenn, innganga

Félagar geta þeir orðið sem hlotið hafa sérfræðiviðurkenningu í skurðlækningum. Inntökubeiðni undirritaðri af þeim sem óskar að gerast félagsmaður skal komið til stjórnar félagsins sem heldur skrá um félagsmenn. Komi upp vafi um hvort umsækjandi uppfyllir inntökuskilyrði skal stjórn félagsins skera úr. Uni umsækjandi ekki þeim úrskurði skal honum heimilt að leggja málið fyrir félagsfund sem þá sker endanlega úr um málið. Í inntökubeiðni skal koma fram að viðkomandi félagsmaður skuldbindi sig til að hlíta lögum og samþykktum félagsins í hvívetna og að hann feli félaginu umboð til kjarasamningsgerðar fyrir sína hönd og að aðrir skuli ekki fara með slíkt umboð meðan viðkomandi á aðild að félaginu.

4. grein Félagsgjöld

Félagsmenn greiða félagsgjald sem rennur í félagssjóð og er ætlað að standa straum af rekstri félagsins. Félagsgjald er ákveðið á aðalfundi. Félagsmaður sem skuldar félagsgjald fyrir eitt ár eða meira glatar öllum félagsréttindum þar til skuldin er að fullu greidd. Heiðursfélagar og félagsmenn, sem hættir eru læknisstörfum sakir aldurs eða sjúkdóms, eru undanþegnir félagsgjöldum. Stjórn félagsins setur nánari reglur um innheimtu félagsgjalda.

5. grein Kosningaréttur og kjörgengi

Fullgildir félagsmenn njóta kosningaréttar og kjörgengis í embætti félagsins. Stjórn félagsins sker úr um ágreining, sem upp kanna að koma, nema á félagsfundi sé, þá skal málið lagt fyrir fundinn.

6. grein Úrsagnir úr félaginu

Úrsögn úr félaginu getur því aðeins átt sér stað að félagsmaður sé skuldlaus við félagið. Úrsögn skal vera skrifleg. Hún skal afhent formanni félagsins eða stjórn. Enginn getur sagt sig úr félaginu eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst eða ákvörðun um

vinnustöðvun hefur verið tekin af félaginu og þar til vinnustöðvuninni hefur verið formlega aflýst.
2

7. grein **Kjör heiðursfélaga**

Stjórn og meðstjórn félagsins getur valið heiðursfélaga úr hópi lækna, vísindamanna eða velunnara félagsins. Val heiðursfélaga skal vera einróma ákvörðun og skal tilkynna hana á aðalfundi.

8. grein **Aðalfundur**

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maí ár hvert og fer hann með æðsta vald í málefnum félagsins. Hann er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Aðalfundur skal boða með bréfi til félagsmanna með minnst hálfsmánaðar fyrirvara.

9. grein

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- a. Skýrsla stjórnar félagsins fyrir liðið starfsár.
- b. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir liðið reikningsár með athugasemdum skoðunarmanna.
- c. Stjórnarkjör það ár sem það fer fram. Kjósa skal formann sérstaklega og síðan ritara og gjaldkera. Hlutkesti ræður, ef atkvæði eru jöfn. Meðstjórnendur eru kosnir í einu lagi, og ræður afl atkvæða, en hlutkesti, ef atkvæði eru jöfn.
- d. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga félagsins og tveir til vara.
- e. Fjárhagsáætlun og ákvörðun árgjalds félagsmanna fyrir næsta ár.
- f. Lagabreytingar, ef fram koma tillögur um þær.
- g. Önnur mál, sem löglega eru fram borin.

10. grein

Formaður eða staðgengill hans setur fund og tilnefnir fundarstjóra. Atkvæðagreiðsla fer eftir því sem fundarstjóri kveður á um. Þó skal skrifleg atkvæðagreiðsla fara fram, ef einhver fundarmanna krefst þess.

11. grein **Félagsfundir**

Félagsfundir skulu haldnir þegar félagsstjórn álitur þess þörf eða minnst 20 fullgildir félagsmenn óska þess við stjórn félagsins og tilgreina fundarefni. Fundir skulu boðaðir með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Þó má í sambandi við vinnudeilur boða fund með skemmri fyrirvara. Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Fundum félagsins skal stjórnað eftir almennum fundarsköpum. Komi upp ágreiningsatriði um fundarsköp úrskurðar fundarstjóri hverju sinni með rökstuddum úrskurði. Óski einstakur félagsmaður eftir skriflegri atkvæðagreiðslu á félagsfundi er fundarstjóra skylt að verða við þeirri ósk. Heimilt er að boða fundi bréflega.

12. grein **Stjórn félagsins**

Aðalstjórn félagsins skipa 3 menn: Formaður, ritari og gjaldkeri. Skulu þeir kosnir til tveggja ára í senn. Eigi má kjósa sömu menn í aðalstjórn oftar en 2 kjörtímabil í röð. Kjósa skal tvo menn í varastjórn.

Gera skal tillögu um skipan aðalstjórnar og um varamenn á félagsfundi í febrúar. Stjórnin gætir þess að ekki sé gerð tillaga um færri menn en kjósa á, en sérhver félagsmaður hefur tillögurétt. Þeir einir eru kjörgengir, sem tilnefndir eru á þessum fundi. 3

Formaður félagsins kveður til stjórnarfunda og stjórnar þeim. Formanni er skylt að halda stjórnarfund óski a.m.k. 2 stjórnarmenn eftir því. Formaður undirritar gerðarbækur félagsins og gætir þess að allir stjórnarmenn geri skyldu sína. Hann hefur eftirlit með starfsemi félagsins og eftirlit með því að lögum þess og samþykktum sé fylgt í öllum greinum. Varastjórnarmenn taka sæti í stjórn í forföllum aðalmanna og tilnefnir aðalmaður varamann í sinn stað. Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans.

13. grein

Verksvið stjórnar og nefndir

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn allra félagsmála milli félagsfunda. Stjórnin boðar til félagsfunda. Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á eigum félagsins. Stjórnin skal hafa vakandi auga á öllu því, er varðar lækna og störf þeirra og gæta hagsmuna þeirra. Hún kemur fram fyrir hönd félagsmanna, veitir umsagnir og miðlar upplýsingum til félagsmanna og annarra um það er varðar læknastréttina og hlutverk hennar. Stjórnin leysir úr ágreiningsmálum milli félagsmanna og varðandi félagsmenn. Fundir stjórnar eru lögmætir, þegar meirihluti er mættur á fundi. Ritari ber ábyrgð á því að gerðarbækur félagsins séu haldnar og færðar í þær allar fundargerðir og lagabreytingar. Hann undirritar gerðarbækur félagsins ásamt formanni. Heimilt er að hljóðrita fundi félagsins. Gjaldkeri hefur á hendi eftirlit með fjárreiðum félagsins og bókfærslu eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar.

Samninganefnd skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um kjarasamningsgerð fyrir hönd félagsins. Nefndin skal kjörin af félagsfundi og í henni skulu eiga sæti að lágmarki 5 menn. Formaður félagsins skal vera formaður samninganefndar.

14. grein

Fjármál

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Tveir félagslegir skoðunarmenn skulu yfirfara reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og gera athugasemdir sínar við þá. Skoðunarmenn eru kosnir á aðalfundi. Hlutverk þeirra er m.a. að hafa eftirlit með því að fjármunum félagsins sé varið til þeirra verkefna sem félagsfundur og/eða stjórn hafa ákveðið. Auk athugunar hinna félagskjörnu skoðunarmanna er stjórn félagsins skylt að láta löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga og fjárreiður félagsins í lok hvers reikningsárs. Reikningar félagsins skulu liggja frammi, til skoðunar fyrir félagsmenn, 7 dögum fyrir aðalfund. Kjörnir skoðunarmenn, skulu rannsaka reikninga félagsins fyrir liðið ár.

15. grein

Lagabreytingar

Lögum þessum verður ekki breytt nema á lögmætum aðalfundi, enda greiði 2/3 fundarmanna atkvæði með breytingunni. Tillögur að lagabreytingum þarf að leggja fram á félagsfundi í febrúar og skulu þær kynntar í fundarboði aðalfundar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrsti aðalfundur félagsins eftir stofnfund skal haldinn í apríl 2003.

Þannig samþykkt á aðalfundi
Skurðlæknafélags Íslands
Reykjavík, 22. febrúar 2002